

Fundargerð stjórnarfundar

Fundur haldin þann 23. janúar 2017 kl: 12:00.

Mættir eru: Gísli Halldór Halldórsson, Pétur G. Markan, Andrea Jónsdóttir, Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, Indriði Indriðason einnig sátu fundinn Sif Huld Albertsdóttir verkefnastjóri og Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri, þau rituðu einnig fundargerð.

Dagskrá:

1. Kostnaðarmat v. úrræðis hjá Ísafjarðarbæ (Trúnaðarmál)
2. Starfshlutfall Verkefnastjóra.
3. Erindi Ísafjarðarbæjar.
4. Viðbótarframlag BsVest 2016
5. Fjárhagsáætlun 2017, lokaumræða.

Gengið til fundar:

1. Kostnaðarmat v. úrræðis hjá Ísafjarðarbæ (Trúnaðarmál)

Stjórn BsVest samþykkir tillögu Ísafjarðarbæjar og leggur til að úrræðið verði sett af stað. Í ljósi þess að stjórn samþykkti á fundi sínum þann 22. ágúst sl. undir lið fjögur Trúnaðarmál, að fara leið tvö árið 2017 og leið þrjú árið 2018, hafa forsendur breyst, stjórn samþykkir að farið verður eftir tillögu þrjú árið 2017.

Stjórn leggur einnig til að Ísafjarðarbær skoði allar mögulegar leiðir til að sækja um stofnframlag samkvæmt reglugerð 555/2016 um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir, varðandi breytingar á húsnæðum hjá Ísafjarðarbæ.

2. Starfshlutfall Verkefnastjóra.

Lagt fram minnisblað frá R3 ráðgjöfum vegna breytinga á starfi verkefnisstjóra í starf Framkvæmdastjóra.
Stjórn frestar málinu til næsta fundar.

3. Erindi Ísafjarðarbæjar.

Lagt fram til kynningar minnisblað Ísafjarðarbæjar sem fer fyrir framkvæmdastjóra fund þann 25. janúar nk.

4. Viðbótarframlag BsVest 2016.

Stjórn samþykkir að viðbótarframlag vegna ársins 2016 verði greitt út vegna halla ársins 2016, á grunni lögfræðialits sem Tálknafjarðarhreppur lét gera árið 2015.

Formaður gerði tillögu um eftirfarandi í bókun:

Stjórn Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks krefst þess að í reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2017 verði ákvæði um viðbótarframlag fast bundið í reglugerð eins og í reglugerðum 242/2014 og 631/2015, en ekki sem heimildarákvæði eins og fram kemur í reglugerð 179/2016.

5. Fjárhagsáætlun 2017, lokaumræða

Stjórn samþykkti breytingu á fjárhagsáætlun frá fyrstu umræðu, breytingin fellst í samþykkt stjórnar undir lið eitt í fundargerð hér fyrir ofan. Hækkun á fjárhagsáætlun BsVest sem nemur kr. 31.966.417,-, sem verður til þess að fjárhagsáætlun BsVest er neikvæð um kr. -35.964.766,-.

Fjárhagsáætlun verður lögð fram til kynningar á fundi framkvæmdastjóra sveitarfélagana þann 25. Janúar 2017.

Samtals félagsbj. og BsVest	473.366.766 kr.
Framlag Jöfnunarsjóðs	366.602.000 kr.
Almenn framlög sveitarfélaga	70.800.000 kr.
Samtals framlög	437.402.000 kr.
Mismunur	-35.964.766 kr.

Fundi slitið 13:30

Sif Huld Albertsdóttir
Verkefnastjóri

Andrea Jónsdóttir

Indriði Indriðason

Gísli Halldór Halldórsson

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir

Pétur G. Markan